

	<p>Ingibjörg H. Elíasdóttir, heilbrigðisfulltrúi</p>
<p>Menntun</p>	<p>Hjúkrunarpróf frá Hjúkrunarskóla Íslands 1975, MS gráða í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands 2001.</p>
<p>Vinnustaður</p>	<p>Umhverfissvið Reykjavíkurborgar – Hollustuhættir</p>
<p>Netfang og/eða farsími</p>	<p>ingahe@islandia.is</p>
<p>Gerðist félagi</p>	<p>13.10.1998</p>
<p>Viðfangsefni (störf/nám)</p>	<p>Eftir að hafa starfað sem hjúkrunarfræðingur á gjörgæsludeildum í meira en 20 ár breytti ég alveg um starfssvið og starfa nú sem heilbrigðisfulltrúi. Ég starfa á deild sem ber nafnið Hollustuhættir og hefur eftirlit með fyrirtækjum sem veita almenningi þjónustu. Deildin hefur eftirlit með að innanhússumhverfi sé heilsusamlegt og að öryggis sé gætt. Þetta gerum við frá sjónarhóli nemandans, sjúklingsins, gestsins eða viðskiptavinarins. Fyrirtækin sem við höfum eftirlit með eru m.a. skólar, íþróttamannvirki þar á meðal sundlaugar, félags- og heilbrigðisstofnanir, stofur þar sem almenningur sækir persónulega þjónustu s.s. snyrtistofur, gististaðir og skemmtistaðir. Eftirlit með öryggisþáttum fellur undir hollustuhætti. Sérstaklega er hér um að ræða öryggismál á íþrótt- og sundstöðum og stöðum þar sem börn dvelja, t.d. varðandi hita á vatni, geymslu hættulegra efna og eiturefna og öryggi leikvallatækja. Starf heilbrigðisfulltrúa er forvarnarstarf, að umhverfið sé heilsusamlegt og stuðli að vellíðan, öryggi og bættri heilsu allra sem þar dvelja.</p>
<p>Mínar þælingar tengdar vinnuvistfræði</p>	<p>Rannsóknarverkefni mitt í meistaranáminu fjallaði um sértæka álagspætti sem flestir teljast til sálfélagslegra þátta og sjálfstjórn í vinnu og áhrif þessa á heilsufar og líðan. Þó starf mitt að loknu námi sér meira á sviði efnislegs umhverfis heldur en sálfélagslegra þátta finnst mér þekkingin hafa komið að góðum notum og áhuginn á vinnuvistfræði er alltaf fyrir hendi. Benda má á að skólastofan, leikvöllurinn og félagsmiðstöðin er það umhverfi sem börn og eldri borgarar verja jafnmiklum tíma í daglega</p>

	<p>og þeir sem eru á atvinnumarkaði verja í vinnuumhverfi sínu. Mér finnst mikilvægt að alltaf sé haft í huga samspil manns og umhverfis og áhrif starfsmannsins á umhverfi sitt. Mikið er rætt um mikilvægi þess að vinnuvistfræðin sé unnin af þverfaglegum hópi. Mér finnst nauðsynlegt að benda á nauðsyn þess að starfsmaðurinn sjálfur sé þátttakandi, komi með hugmyndir og eigi hlut að ákvörðunum sem varðar umhverfi sitt.</p>
Eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert	<p>Ég er fjölskyldukona, með áhuga á íslenskri náttúru, sumarbústaðnum okkar, útivist og ferðalögum bæði innanlands og utan. Ég hef gengið um marga staði bæði á Íslandi og erlendis og með manninum mínum í gönguhópum sem við erum þátttakendur í. Í sumar gekk ég með norski vinkonu minni á hæsta fjall Noregs og Norður Evrópu, Galdhøpiggen sem er 2469 m. yfir sjávarmáli.</p> <p>Í fyrra stóð ég ásamt fleirum að stofnun AFA – Aðstandendafélags aldraðra og er stjórnarmaður þar. Það þýðir ekki að bíða lengur með þrýsting á stjórn málamenn, úrbóta er þörf í málefnum aldraðra strax.</p>